

Ed.

358. Nefndarálit

[101. mál]

um frv. til laga um virkjun Hvítár í Borgarfirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur skoðað málið og fengið umsagnir frá nokkrum aðilum. Í umsögn Orkustofnunar segir m. a.:

„Fylgiskjöl með frumvarpinu eru ákaflega ófullkomin, svo ófullkomin að þau eru ekki frambærileg með frumvarpi sem lagt er fyrir Alþingi.“

Orkustofnun bendir á að af þessum ástæðum sé ekki unnt að bera saman hagkvæmni Kljáfossvirkjunar við hagkvæmni ýmissa annarra virkjana. Einnig er vakin athygli á því, að viðhorf manna breytast mjög með aukinni flutningagetu byggðalínu. Með aukinni samtengingu er jafnframt nauðsynlegt að samræma virkjunarframkvæmdir á öllu hinu samtengda svæði.

Minni hluti iðnaðarnefndar telur að Alþingi eigi því aðeins að veita heimild til svo viðamikilla framkvæmda eins og virkjana að málið sé vel rannsakað og nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir, þannig að þingmenn geti sjálfir tekið afstöðu til hagkvæmni umræddrar framkvæmdar.

Þar sem ýmislegt bendir til þess að umrædd virkjun geti reynst hagkvæm telur minni hlutinn þó ekki rétt að fella frumvarpið, en leggur til, að Alþingi samþykki að **vísa frumvarpi til laga um virkjun Hvítár í Borgarfirði til ríkisstjórnarinnar**, og leggur áherslu á að hagkvæmni þeirrar virkjunar, verði rannsökuð nánar, en málið lagt fyrir Alþingi að nýju ef virkjunaraðilar á samtengdu orkukerfi komast að þeirri niðurstöðu að virkjunin sé hagkvæm og rétt sé að ráðast í virkjun Kljáfoss með heildarhagkvæmni fyrir hið samtengda svæði fyrir augum.

Alþingi, 3. mars 1977.

Steingrímur Hermannsson,
form., frsm.

Stefán Jónsson.